

Kópavogur

Umhverfis og skipulagssvið
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Efni: Skemmuvegur 36

Stækkun / viðbygging

Vatnsvirkinn ehf, eigandi að Skemmuvegi 36, óskar hér með eftir umsögn ráðsins varðandi fyrirhugaða stækkun.

Húsnæðið var byggt sem vörugæmsla árið 1978, og stendur á 1451 m² lóð. Núverandi byggingarmagn á lóð er 918,3 m², skv. skráningu þjóðskrár.

Uppi eru áætlanir um að byggja við húsið til norðurs yfir svæði sem er í dag skilgreint sem bílastæði. Skilgreint með rauðum línum á meðfylgjandi loftmynd. Stækkunin sem um ræðir er u.þ.b. 300 – 350 m², eftir því hvort heimilt verði að byggja að lóðarmörkum eða aðeins út fyrir núverandi mörk.




Skemmuvegur 36

Ekki liggur fyrir deiliskipulag skv. grunni skipulagsstofnunar fyrir Skemmuveg 36, en á svæðinu næst núverandi stækkun er hóll sem nefndur er Einbúi á lóðarblöðum útgefnum 2003.

Óskað er eftir umsögn ráðsins og þremur mögulegum leiðum til stækkunar á húsnæðinu.


Leið A)

Stækka út að lóðarmörkum og halda sömu þakhæðum og á núverandi húsi.



Leið B)

Stækkun út fyrir núverandi byggingarreit, þannig að fláinn verði tekinn af og lóðin stækkuð sem því nemur.



Leið C)

Stækkun í samræmi við leið A eða B með aukinni þak/mænishæð.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Með von um jákvæðar undirtektir,

Fh. eiganda:

Guðni Sigurbjörn Sigurðsson
Byggingatæknifræðingur